

Reykjavík, 16. apríl 2018
329. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. apríl 2018

Tillaga

Efni: Tillaga Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Pírata um að auka fjárframlag til tilraunaverkefnisins um notendastýrða persónulega aðstoð.

Lagt er til að samþykkt verði að auka framlag til tilraunaverkefnisins um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) um 177,6 mkr. á ársgrundvelli svo að unnt verði að bjóða sex til sjö einstaklingum samning með næturþjónustu, þar af einum einstaklingi samning með öndunarvélaraðstoð en sérstakt framlag ríkisins er ætlað slíkum samningi.

Greinargerð:

Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og var verkefnið samþykkt í borgarráði þann 4. apríl 2013. Verkefnið hefur verið framlengt til ársloka 2018 en gert er ráð fyrir því að NPA verði gert að lögbundnu þjónustuformi þann 1. janúar 2019 og tilraunaverkefninu því lokið á þeim tímapunkti.

Í fjárlögum ársins 2018 gerir ríkið ráð fyrir viðbótarframlagi vegna gerð nýrra NPA samninga. Hlutdeild Reykjavíkurborgar í því viðbótarframlagi gæti numið allt að 65,2 mkr. en þá er gert ráð fyrir einum samningi með öndunarvélarpjónustu sem fylgir sérstakt viðbótarframlag. Til þess að nýta mótframlag ríkisins sem gert er ráð fyrir í fjárlögum er lagt til að gera sex til sjö nýja samninga að heildarfjárhæð 242,8 mkr., þar af einn samning með öndunarvélaraðstoð. Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar er áætlaður um 177,6 mkr á ársgrundvelli.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði Aðalbjargar Traustadóttur, dags. 12. apríl 2018.